

Miðlun úr Heiðarvatni  
á Fjarðarheiði, Seyðisfirði.

VATNAMÆLINGAR  
SKilagrin 51  
-trunnit -

Vatnsár 1948/49.

Miðlunartímabilið hófst 18. febr. '49 og stóð fram til 9. maí eða í 79 daga. Alls rann úr vatninu á þessum dögum  $2,05 \times 10^6 \text{ m}^3$ , en vatnsforðinn setti niður um  $1,85 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Mismunurinn  $0,2 \times 10^6 \text{ m}^3$  jafngildir  $30 \text{ l/sec}$  meðalrennslis til Heiðarvatns á tímabilinu. Þess ber þó að gæta, að fleiri atriði en aðrennslí vatnsins grípa hér inn í. Snjór, sem safnast hefur á miðlunartímabilinu á ísinn, sem enn er fljótandi á lok tímabilsins, kemur vatninu til góða sem væri hann regn eða aðrennslí vatnsins. Aftur á móti hefur nokkurt vatn bundizt í ís, sem lagðist niður með löndum fram, þegar lækka tók í vatninu.

Samkvæmt þykkta mælingu á íslaginu, munu  $0,1 \times 10^6 \text{ m}^3$  vatns hafa bundizt í ís, sem stóð á þurru. Af þessu virðist auðsætt, að um 45 l/sek hafi að meðaltali fallið til Heiðarvatns eða um 4 l/sec pr  $\text{km}^2$ . Dagana 4. og 28. marz var nokkur leysing við Heiðarvatn, hiti  $4-5^\circ\text{C}$ . Veturinn var snjóþungur. Þegar miðlunin hófst, var rennslið aukið óþarflega mikið, eða um 4lo l/sec.

1949/50.

Miðlunartímabilið var frá 26. febr. til 30. apríl '50, þ.e.a.s. í 63 daga. Alls rann úr Heiðarvatni á þessum tíma  $0,75 \times 10^6 \text{ m}^3$ , en það jafngildir því vatnsmagni, sem vatnsborgðirnar minnkuðu um. Vatn, sem batzt í ís og tapaðist geyminum á þann hátt, mun nálægt  $0,045 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Rennslið til vatnsins og snjólagið á ísnum, sem var á floti í lok miðlunartímabilsins, mun hafa komið hér á móti, en það svarar til meðalrennslisins  $8,3 \text{ l/sec}$  þ.e.  $0,75 \text{ l/sec}$  pr  $\text{km}^2$ .

Engin leysing kom við Heiðarvatn á tímabilinu, né næstu vikur áður en miðlun hófst. Á þessu tímabili var enfremur lítil snjókoma á Austfjörðum, svo að lítils hefur gætt aukningar í miðlunar-lóninu, af völdum snjólagsins.

1950/51.

Miðlað var frá 7. des. '50 til 26. apríl '51, þ.e.a.s. 140 dagar (að vísu 2 til 5 dögum lengur, en álestur vantar til þess að hægt sé að reikna út vatnsmagnið til þess tíma). Úr Heiðarvatni rann á þessum 140 dögum  $2,25 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Vatnsforðinn rýrnadí um  $1,9 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Mismunurinn  $0,35 \times 10^6 \text{ m}^3$  jafngildir meðal-rennslinu 29 l/sek á þessum 140 dögum. Vatn, sem batzt í ís og tapaðist geyminum, mun hafa verið nálægt  $0,12 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Sé það lagt við mismuninn  $0,35$ , þá fæst að rennslið til vatnsins og snjólagsaukningin á ísnum á tímabilinu hafi verið alls  $0,47 \times 10^6 \text{ m}^3$ , það jafngildir 39 l/sek meðalrennsli eða  $3,5 \text{ l/sek pr km}^2$ .

Á þessu tímabili er ekki um neina leysingu að ræða við Heiðarvatn. Það dignaði aðeins í snjó þar efra og hann sé nokkuð. Snjókoma var mikil á þessu tímabili. Ísinn svignaði undan mis-skiptum snjóþyngslum, ís og krap var í febr.mán. um  $1\frac{1}{2} \text{ m}$ .

Hversu mikið vatnsmagn var falið í snjólaginu á fljótandi ísnum í lok miðlunartímabilsins, er erfitt að segja, en út frá lýsingu gæzlumanns Þorbjörns Arnoddssonar og athugunum mínum frá því fyrr um veturinn mætti áætla snjódýpið um eða yfir 2 m og eðlisþ.  $0,45 \text{ þ.e.a.s.}$  vatnsgildið nálægt 1 m. Flatarmál Heiðarvatns í lok miðlunartímabilsins var  $0,54 \text{ km}^2$ , en snjólag á öllu því svæði hefur ekki rutt frá sérl m hárrí vatnssúlu, sökum grynnингa í vatninu. Því mun vera nær lagi að reikna í þessu tilliti með  $0,4 \text{ km}^2$  svæði þ.e.a.s. snjólagið jafngildir því, að vatnsmagni til  $0,4 \times 10^6 \text{ m}^3$ . Samkvæmt þessu hefur  $0,07 \times 10^6 \text{ m}^3$  vatns fallið til Heið-

arvatns p.e.a.s. 5,8 l/sek að meðaltali á tímabilinu eða sem næst  $\gamma/2$  l/sek pr  $\text{km}^2$ .

1951/52.

Miðlun hófst 21. jan. '52 og stóð yfir til 15. apríl eða í 85 daga. Rennslið var alls  $1,65 \times 10^6 \text{m}^3$  á tímabilinu og forðinn rýrnaði um  $1,60 \times 10^6 \text{m}^3$  og í is tapaðist  $0,07 \times 10^6 \text{m}^3$ . Á þessum 85 dögum kom engin leysing, sem gaf vatnsaukningu er máli skiptir. Í febrúar dignaði í snjó og hann sé. Snjókoma var mjög lítil á Austfjörðum á þessu tímabili, aðal snjómagn vetrarins hafði hlaðist niður fyrri hluta janúarmánaðar.

Mismunurinn  $0,12 \times 10^6 \text{m}^3$  jafngildir  $16,3 \text{ l/sek}$  meðalrennslis p.e.a.s  $1,5 \text{ l/sek}$  pr  $\text{km}^2$ .

---

Niðurlagsorð.

Þess bár að gæta, að framanskráðar athuganir ná yfir mjög óhagstæð miðlunarár með köldum vetrum. Leysinga og hlákublota gætir vart meðan á miðlun stóð, nema fyrsta árið af þessum fjórum. Þegar athugunin nær yfir nokkur árabil, má ætla, að þrjú síðustu miðlunarárin, sem hér eru reiknuð út, verði í röð hinna óhagstæðari ára. Sömuleiðis 48/49 sennilega einnig fyrir neðan meðallag.

Reykjavík, 30. des. 1952.

Sigurjón Rist.  
(sign.)